



FÉLAGSBÚSTAÐIR

Fundargerð

stjórnarfundur Félagsbústaða nr. 9, haldinn
28. apríl 2021 kl. 13:00
(fjarfundur)

Mætt: Stjórnarmennirnir Haraldur Flosi Tryggvason, Heiða Björg Hilmisdóttir og Laufey Ólafsdóttir auk framkvæmdastjóra Félagsbústaða Sigrúnar Árnadóttur sem jafnframt ritaði fundargerð. Grétar Örn Jóhannsson sviðsstjóri eigna- og viðhaldssviðs sat fundinn undir öðrum dagskrárlíð.

1. Síðasta fundargerð

Fundargerð síðasta stjórnarfundar 28. apríl var lögð fram og samþykkt.

2. Nýbyggingar við Árland og Stjörnugróf

Fyrir fundinum lá greinargerð vegna byggingaframkvæmda við Árland og Stjörnugróf. Gerð var grein fyrir stöðu og framgangi framkvæmda, tölum vegna tjóns af völdum vatnsleka og frágangs.

Stjórn lagði áherslu á að málinu yrði fylgt eftir, hratt og örugglega, tjónið að fullu lagfært og byggingunum skilað með þeim hætti sem samningar gera ráð fyrir.

3. Fjármál og fjárvarsla

Lögð var fram tillaga og greinargerð um ávöxtun fjármuna. Stjórn samþykkti tillögurnar.

4. Sjálfbærnistefna

Farið var yfir drög að sjálfbærnistefnu Félagsbústaða. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

5. Árangursmat stjórnar

Farið var yfir spurningar og fyrirkomulag árangursmats. Samþykkt að KPMG annist framkvæmd matsins.

6. Önnur mál

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti í starfseminni það sem af er árs.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 14.10.




Haraldur Flósi Tryggvason



Heiða Björg Hilmsdóttir



Laufey Ólafsdóttir



Sigrún Árnadóttir